



**RAFIDNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS**

*Alþingi
Erindi nr. P 128/261
komudagur 25.11.2002*

lönaðarnefnd Alþingis
bt. Ágúst Geir Ágústsson
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2002


Varðar athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Rafiðnaðarsamband Íslands gerir ekki athugasemd við þær breytingar sem verða á 1. og 2. gr. laganna.

Rafiðnaðarsamband Íslands gerir þó þá kröfu að fá til umsagnar kröfur um lágmarksmenntun sem þarf til þessara starfsheita.

Rafiðnaðarsamband Íslands vill benda á að nokkur hópur rafvirkja og rafeindavirkja hafa sótt viðbótarmenntun á þessum sviðum. Sambandið áskilur sér rétt til þess að setja fram kröfur um að rafiðnaðarmenn með ákveðna viðbótarmenntun geti tekið upp starfsheitið Tölvunarfræðingur.

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands


Guðmundur Gunnarsson formaður